



“Nýtt” bæjarstæði í Þjórsárdal



Síðustu þrjár vikur unnu fornleifafræðingar á vegum Fornleifastofnunar Íslands að aðalskráningu fornleifa fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Sú vinna gekk vonum framar og áhugaverðir minjastaðir komu í ljós á svæðinu sem var til athugunar. Þessi skráning skilaði m.a. einum merkasta minjastað síðari ára á Suðurlandi, nýju bæjarstæði í Þjórsárdal. Fyrstu fornleifarannsóknirnar fóru fram í

Þjórsárdal undir lok 19. aldar og dalurinn heimsóttur fjölmörgum sinnum af fornleifafræðingum síðan þá. Bergur Þór Björnsson, frá Skriðufelli, vísaði fornleifafræðingum á staðinn sem ekki var þekktur fyrir úr eldri heimildum. Honum til heiðurs hefur bærinn verið nefndur Bergsstaðir. Á bæjarstæðinu fundust m.a. öskuhaugur, brennd bein, ummerki um smíðju auk merkilegra gripa frá víkingaöld. Þetta eru m.a. sylgja, heinarbrýni, hluti af klébergspotti og þórshamar. Hann er tálgaður úr sandsteini sem finnst mikið af í Þjórsárdal og um leið eini þórshamarinn sem þekktur er úr steini. Þetta er einstakur gripur sem strax hefur vakið mikla athygli fræðimanna hérlandis sem og erlendis. Vonir standa til að bærinn verði rannsakaður næsta vor og að hann geymi upplýsingar sem bæti enn við þekkingu á byggðinni í Þjórsárdal.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir,
fornleifafræðingur



Kvenfélag Skeiðahrepps



Bleikur haustfundur Kvenfélags Skeiðahrepps verður haldinn föstudaginn 26. október á Hestakránni kl. 19.30. Boðið verður upp á mat í upphafi fundar. Vetrarstarfið o.fl. til kynningar og umræðu. Bleika krukkann verður á staðnum eins og undanfarin ár, bleikt þema og til okkar koma góðir gestir.

Þær sem ætla að koma í matinn verða að skrá sig í síðasta lagi þriðjudaginn 23. október. Það er hægt að skrá sig með því að svara tölvupósti, hringja í Dísu (661-2923) eða inni í facebook-hóp félagsins.

Nýjar konur hjartanlega velkomnar.
Stjórn og varastjórn



Flúðum:

26. okt kl. 18-21:00

9. nóv kl. 18-21:00

Árnesi:

2. nóv kl. 18-20:30

Sími: 899-2910

Staðurinn sem kemur til þín

www.pizzavagninn.is

Leikrit í vetur



Sett verður upp leikrit í Árnesi! Stefnt er að gamanleik með söng og tónlist. Höfum við fengið reynslubolta á því sviði til að leikstýra, Örn Árnason spaugstofumann með meiru. Hvetjum alla sem áhuga hafa að taka þátt!

Styttist í fyrsta fund og samlestur - auglýst síðar. Æfingar hefjast eftir áramót og sýnt verður í mars 2019. Hlökkum til að vinna með ykkur að þessu skemmtilega verkefni.

Leiknefnd UMFG

ÁRBORG

www.arnes.is

Sími
486 6006



Opnunartími:
Mánudaga til laugard. 9-19
Sunnudaga 10-19



Við viljum franskar, sósu' og....



Heilsugæslustöðin Laugarási

Sími: 432 2770 Fax: 432 2771

Opið virka daga kl. 8-16
Símatímar lækna kl. 9-9:30 & 13-13:30

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9.
Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi.
Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700.

Skóla-og velferðarþjónusta Árnesþings.
María Kristjánsdóttir forstöðumaður maria@hveragerdi.is
Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180



Í NEYÐARTILVIKUM
HRINGIÐ Í 112



FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS

[ljós@skeidgnup.is](mailto:ljos@skeidgnup.is)
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736

LESTRARFÉLAG SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS
BÓKAHÚSINU BRAUTARHOLTI

OPIÐ
FIMMTUDAGA 20-22
SÍMI: 486-5505
BOKASAFN@SKEIDGNUP.IS



Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður:
Kristófer A. Tómasson
Umsjón og umbrot:
RS-útgáfan/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili
og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 350 eintök.

Skilafrestur í næsta blað er
föstudaginn 9. nóv.

Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is



Á bak við
Eldaveðlína



Það er í rauninni furðulegt að ég
skuli kunna að elda og þó ég segi
sjálfur frá svona assgoti góður.

Á meðan ég var í foreldrahúsum sá
mamma um matinn. Hún er snill-
ingur í matargerð og þess vegna
kom það mér á óvart að hún skyldi
benda á mig til að koma með næstu
uppskrift. En þó hún sé snillingur
í matargerð þá er henni meinilla
við að segja frá því hvað hún notar
mikið af hinu og þessu. Allar upp-
skriftir eru sirka. Mamma kenndi
mér ekkert í eldamennsku og það
kemur henni enn skemmtilega á
óvart að heyra að ég geti eldað.

Ég fór eiginlega beint úr mat frá
mömmu til Millu. Þær eru ekkert
líkar í matseldinni en maður minn
hvað þær gera góðan mat. Við
þessar aðstæður hef ég búið og
því endurtek ég það er í rauninni
furðulegt að ég skuli kunna að
eldu. En nóg um það um daginn
keypti ég þorskhakka að ósk
Millu. (Þannig háttar að við Milla
seldum húsið okkar og erum að
byggja. Erum sem sagt á milli

húsa og búum
hjá Mömmu) Ég
keypti dálldið vel
af þorskinum og mig minnir að þær
tengdamæðgur hafi búið til sitt-
hvorn réttinn í sitthvort skiptið. En
ef ég hefði eldað þorskhakkana
hefði ég tekið eldfast form skorið
fiskinn í bita, saltað og piprað
eftir smekk. Stungið fiskinum inn
í ofn í 27 mín á 150°C. Ég hefði
soðið kartöflur helst rauðar og
nýuppteknar á sama tíma. Sirka
þegar hálfur tíminn er liðinn saltar
maður kartöflurnar og leggur hráan
lauk skorinn í formið hjá fiskinum
(ásamt smjöri eftir smekk) Ef
maður hefur tíma þá skoðar maður
hvað er til af grænmeti og sker það
niður á meðan hitt er að malla.

*Þar sem snitselkvöldi Lions-
klúbbsins Dynks er nýlokið og
Hörður bóndi í Laxárdal var í
forsvari fyrir nefndinni skora ég
á hann að koma með uppskrift í
næsta blað.*

Kveðja Skafti



Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12
Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitastjóri: Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir
486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari, vefumsjón & öryggisvörður:
Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús
Ari Einarsson,
893-4426 ari@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt
486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórarskóli
Sími 486-6000
Skólastjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is





Fréttir frá Þjórarskóla



Hjóladagurinn

Miðvikudaginn 12. september var hjóladagur í Þjórarskóla. Þá komu allir með hjól í skólann og farið var í hjólaferðir, mislangar eftir aldri og getu nemenda. Þeir yngstu voru í kringum skólann og þeir elstu hjóluðu tæpa 12 km. Nemendur fengu umferðafræðslu í undirbúningi fyrir hjóladaginn og allir hjóluðu í endurskinsvestum og með hjálma.

Réttir

Í réttarvikunni voru unnin verkefni með nemendum sem tengjast réttum og hefðum í kringum réttirnar. Þá var sérstaklega rætt um það hvernig á að umgangast kindur í réttunum. Hér má sjá nokkrar myndir af verkefnum nemenda í réttarvikunni.



Umhverfismennt

Elstu nemendur skólans vinna nú að endurbótum á skólalóðinni. Búa til skjólveggi með því að endurnýta efnivið, garðúrgang og gamla girðingastaura sem annars hefðu farið í ruslið. Þeir rækta líka kartöflur sem notaðar eru í mótuneytinu.

Nú í lok september fór sami hópur upp á Skaftholtsfjall til að halda áfram með Vistheimtarverkefni. Þá voru afgirtu reitirnir teknir út og tilraun skoðuð. Þetta verkefni er unn- ið í samvinnu við Landvernd. Þessi verkefni eru hluti af lotu í umhverfismennt.

Sumarlestur

Í sumar var sjötta árið í röð sem verkefnið „Sumarlestur“ var í gangi í Þjórarskóla en yfir 90% nemenda í skólanum tóku þátt, sem er frábært.



Markmiðið með verkefninu er að auka lestraráhuga, hvetja nemendur til þess að vera duglega að lesa á sumrin og þar með viðhalda þeir frekar þeim framförum sem þau hafa náð yfir veturinn. Að hausti er síðan veitt viðurkenning fyrir þátttöku í verkefninu og þetta árið fengu börnin verðlaunapening og Andrésblað. Kærar þakkir til þeirra sem lögðu okkur lið: Ísspor og Edda útgáfa.

Mjólkurdagurinn

Á hverju ári gefur Mjólkursamsalan grunnkólabörnum mjólk í tilefni alþjóðlega skólarmjólurdagsins 28. september. Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins stendur fyrir deginum og vill með þessi vekja athygli á mikilvægi mjólkur í daglegu fæði barna.

Hugleiðsludagur unga fólksins

Þriðjudaginn 9. október mynduðu nemendur og starfsmenn skólans hring í Vinaminni og stóðu með lokuð augun og hendur á brjóst í 3 mínútur. Um 5000 nemendur frá yfir 50 skólum á landinu tóku þátt í þessari friðarstund. Veðrið var frábært og róin og kyrrðin sem þetta skapaði var yndisleg. 9. október var afmælisdagur John Lennon og dagurinn sem Friðarsúlan er tendruð í Viðey fyrir von um frið í heiminum.

Kveðja frá starfsfólki Þjórarskóla



Leikskólinn Leikholt



Það er alltaf mikið að gera í leikskólanum Leikholti. Börnin fást við spennandi verkefni á hverjum degi og eru alltaf að læra eitthvað nýtt. Þau læra um vináttuna með bangsanum Blæ, íslensku málljóðin með Lubba (bókin Lubbi finnur málbein), þau læra um fjölbreytileikann og fjölmenningu með sönglögum á öðrum tungumálum, þau læra um lýðræðið með því að kjósa um öðruvísi daga og svo margt margt fleira.



Við erum búin að hafa tvo öðruvísi daga síðan í ágúst. Fyrri var kosinn Búninga- og útigrilldagur sá dagur varð reyndar bara búningadagur því það var ekki hægt að grilla vegna

veðurs. En við bættum bara úr því seinna í góðu veðri einn daginn og var þá poppað popp úti og grillað brauð á priki. Síðari öðruvísi dagurinn var síðan Bókadagur og máttu þá allir koma með eina bók með sér í leikskólann.

Miklar framkvæmdir hafa verið í leikskólanum, garðinum og svæðinu í kring og eru börnin búin að vera agndofa yfir því að horfa á allar vinnuvélarnar.

Skólaheimsóknir elstu barnanna byrjuðu 4. október síðastliðinn og fór þá elsti árgangurinn sem er 2013 árgangurinn í skólabil í Þjórarskóla frá Leikholti um hálfniú um morguninn og komu aftur í Leikholt í hádeginu. Börnin hittu 1. og 2. bekk og fengu að vera með þeim í kennslustundum og frímínútum. Skólaheimsóknir eru hluti af samstarfi skólanna tveggja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um að brúa bilið á milli skólástiganna. Börnin fara í u.þ.b. 8 heimsóknir fyrir jól og u.þ.b. 8 eftir jól og enda á því að vera heilan dag í maí í Þjórarskóla. Þetta samstarf hefur reynst vel og hafa börnin verið vel aðlöguð að aðstæðum í Þjórarskóla og kennurum þegar þau byrja í 1. bekk.

Haldinn hefur verið einn Umhverfisnefndarfundur, sem er liður í Græn-fánastarfi okkar. Í umhverfisnefnd eru elstu tveir árgangarnir (2013 og 2014) ásamt verkefnastjóra (Sirrý), deildarstjóra (Haukur) og starfsmanni í eldhús/ræstingu (Aleksandra). Á fundinum var fjallað um hvað umhverfisnefnd væri og hvað hún ætti að gera. Þar var einnig ákveðið að í vetur skyldi vera þemað LÝÐHEILSA. Með því markmiði ætla börnin að skoða hvað gert er varðandi hreyfingu, hollan mat og andlega liðan.

Myndirnar eru víðsvegar úr starfi leikskólans.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti



Molar úr fundargerðum 6 (19. september) & 7 (3. október)



Lagt fram bréf frá Úrskurðarnefnd vegna kærðu félags leigutaka hjólhýsasvæða í landi Skriðufells, á ákvörðun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að samþykka breytingu á deiliskipulagi vegna Skriðufells í Þjórsárdal. Úrskurðarnefndin hafnar kröfu kæranda.

Umhverfisstofnun og fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps áforma að hefja undirbúning að friðlýsingu Gjárinna í Þjórsárdal og nágrennis. Samþykkt að sveitarfélagið haldi kynningarfund í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Erindi frá Landshús ehf. handhafa lóða nr. 20 og 21 við Löngudælsholt. Óskað er eftir sameiningu lóðanna. Erindi samþykkt samhljóða.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi við Hólaskóg. Umsagnir lagðar fram frá Forsætisráðuneyti, Minjastofnun, Rauðakambi, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Sveitarstjórn samþykkir með þremur atkvæðum framkomna deiliskipulagstillögu. Anna Sigríður sat hjá og lét bóka: Í ljósi eignarhalds á viðkomandi landsvæði þá tel ég almennt sveitarfélagið gefa varhugavert fordæmi með að veita einkaaðilum aðgang og afnot af svæðum í opinberi eigu. Vegna tengsla minna við önnur umsvif viðkomandi umsækjanda mun ég eftir sem áður sitja hjá við afgreiðslu mála sem tengjast þeim.

Lagt fram afrit af mótmælabréfi frá félagi hóperðabílstjóra til ráðherra samgöngumála.

Samþykkt að úthluta Tré og Straumur ehf. lóðir nr. 18–20 við Holtabraut.

Árni Svavarsson óskar eftir fyrir hönd óstofnaðs félags eftir viðræðum um nýtingu og úthlutun lóðanna Holtabraut 21-23.

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti gróft rekstraryfirlit fyrir fyrstu átta mánuði ársins auk sjóðssteymisáætlunar til ársloka 2018. Rekstur er í jafnvægi.

Haraldur Ívar Guðmundsson er skipaður varafulltrúi í Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Kynnt tilraunaverkefni íbúðalánasjóðs um uppbyggingu í húsnaðismálum á landsbyggðinni. Sveitarstjóri falið að leita nánari upplýsinga

um verkefnið fyrir næsta fund.

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna íbúðarsvæða í dreifbýli. Um er að ræða þrjú svæði. Hluta núverandi frístundabyggðar í Áshildarmýri, frístundabyggð í landi Kálfhóls og blandaða notkun frístundabyggðar og opins svæðis í Sandholti.

Bref frá Umhverfisstofnun. Þar er kynnt tillaga að verndun svæðis í verndarflokki rammaáætlunar. Suðurland-vatnasvæði Jökulfalls og Hvítár í Árnessýslu: 32 Gýgiarfossvirkjun og 33 Bláfellsvirkjun. Lagt er til að friðlýst verði eitt samfelt svæði sem nær til vatnasviða beggja þessara virkjunarkosta. Frestur til athugasemda er gefinn til 14 desember nk.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu fyrir frístundasvæðið í Fossnesi en verði er að minnka frístundasvæði og skilgreina landið sem landbúnaðarsvæði. Sveitarstjórn samþykkir að ofangreind tillaga verði send til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir 7.947m² byggingarreit fyrir frístundahús á landi Granda. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna.

Hólaskógur. Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir landspildu á Gnúpverjafrétti sem er innan þjóðlendu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna.

Lögð fram, að lokinni auglýsingu, tillaga að deiliskipulagi fyrir Álfstaði II. Tillagan var auglýst og engar athugasemdir bárust. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og mælist til að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna.

Lögð fram, að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir fyrir nýja 7.020m² frístundalóð, Hrafnaklettur 4, úr landi Skarðs 2. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna.

Skafttholt Sjálfseignastofnun, Sækir um breytingu á gildandi deiliskipulagi í landi Hraunhóla. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd

við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna.

Móttekin er umsókn frá Reykjahlíð ehf. með byggingarleyfi fyrir byggingu vélaskemmu í Reykjahlíð. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir vélaskemmu, þó með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir.

Auglýst hefur verið tillaga að deiliskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu, sem nær yfir verslunar- og þjónustusvæði í Reykholti í Þjórsárdal þar sem fyrirhugað er að byggja upp baðaðstöðu, veitingarekstur og hótél (Reitur A). Gert er ráð fyrir að mannvirki sem hýsi hótélstarfsemi, veitingarekstur og búningaaðstöðu sem geti verið allt að 5.000 fm og að hótelið verði með allt að 45 herbergi. Þá er einnig gert ráð fyrir allt að 300 fm þjónustubyggingu. Einnig nær deiliskipulagið til svæðis við gatnamót afleggiarans, upp að Reykholti, við Þjórsárdalsveg en þar er fyrirhugað að taka á móti gestum sem ætla að heimsækja baðstaðinn (Reitur B). Á þeim reit verður heimilt að byggja allt að 300 fm þjónustubyggingu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir ofangreinda deiliskipulagstillögu fyrir sitt leyti. Anna Sigríður Valdimarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun: Ég sit hjá við afgreiðslu mála er tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum Rauðakambs ehf. við Reykholt í Þjórsárdal, þ.e. 33. og 34. máls í fundargerð 163. fundar Skipulagsnefndar, með vísan í bókun frá síðasta fundi 19.09 2018.

Fyrir skipulagsnefnd uppsveita hefur verið frá haustdögum 2017 til afgreiðslu og í ferli tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, þar sem fyrirhugað er að fara í uppbyggingu baðstaðar, hótels og veitingastaðar við Reykholt í Þjórsárdal. Tillagan var auglýst skv. og barst ein athugasemd frá einstaklingi auk þess sem umsagnir og ábendingar bárust frá fjölda um-sagnaraðila. Skipulagsnefnd samþykkir breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 þ.e. lagfærða tillögu og greinargerð dagsetta 21.6.2018 eftir auglýsingu frá 18. apríl til 31. maí 2018 og mælist til að hún verði send skipulagsstofnun. Þá samþykkir skipulagsnefnd að svör þau

er send hafa varið á fyrrgreinda aðila 13. ágúst s.l. voru svör skipulagsnefndar við athugasemdum og ábendingum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.

Beiðni um styrk til kaupa á strætókortum. Lögð fram beiðni ungmennis um styrk til kaupa á strætókortum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veittur verði sambærilegur styrkur og veittur er í öðrum sveitarfélögum.


Lagður fram samningur við Dattacalabs ehf um áframhaldandi vinnu við innleiðingu persónuverndarlaga. Samningur samþykktur. Anna Sigríður Valdimarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun: Í svörum sem ég fékk varðandi innleiðingu téðra laga um kostnað við framkvæmd hennar (innleiðingarinnar) skilst mér að óhjákvæmlegt sé að komast hjá því að kaupa þjónustu við innleiðingu þeirra. Í fyrri sveitarstjórn hafði verið gengið til samninga við viðkomandi fyrirtæki um fyrstu skref innleiðingarinnar, það fæli því í sér enn frekari kostnað að skipta um þjónustuaðila. Því greiði ég atkvæði með þessum samningum.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi lagði fram eftirgreinda beiðni: Undirritaður óskar eftir heimild frá öllum sveitarfélögum sem eru undir hatti UTU, til að undirrita fyrir f.h. sveitarfélaganna uppdrætti vegna gildistöku gagnvart Skipulagsstofnun eftirfarandi: Uppdrætti vegna gildistöku Aðalskipulagsbreytinga. Uppdrætti vegna gildistöku nýrra deiliskipulagstillagna. Uppdrætti vegna gildistöku breytinga á gildandi deiliskipulagstillögum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Rúnari Guðmundssyni skipulagsfulltrúa umbeðnar ofangreindar heimildir.

Hrönn Guðmundsdóttir kynnti umfang og starfsemi Heklusköga. Heildargróðursetning frá upphafi er 3 milljónir plantna í 1800 hektara. Hrönn sagði mikilvægt að halda sveitarstjórn á svæði Heklusköga vel upplýstum um verkefnið.

VAX verslun

Þann 1. september síðastliðinn opnaði ný verslun að Austurvegi 21 (í Gamla bankahúsinu) á Selfossi með heitinu VAX. Eigandi hennar er Sandra Grétarsdóttir.



Sandra flutti á Selfoss fyrir þremur árum, keyrði á milli í vinnu á höfuðborgarsvæðinu í tvö ár en langaði að skapa sér, og jafnvel öðrum líka, vinnu á heimaslóðum. Hún hafði farið á námskeið í ilmkerfagerð í London og einnig kertagerð í Suður-Frakklandi og hugmyndin af fyrirtækinu varð til upp úr því.

Eins og nafnið gefur til kynna þá á vax að vera stór þáttur í fyrirtækinu, en Sandra ætlar að bjóða upp á ilmkerfi sem hún gerir sjálf á staðnum og halda námskeið í ilmkerfagerð. Einnig verður boðið upp á hóbýlailma.

Það er í raun grunnurinn að fyrirtækinu, en um það leyti sem hún fékk afhent húsnæði fyrir verslunina og málningarvinna fór af stað kom í ljós að hún varð að skipta um framleiðanda að hráefninu í kertin. Hún

tók þá ákvörðun að halda áfram og opna verslunina, finna sér nýjan framleiðanda og koma kertagerðinni af stað eins fljótt og hægt væri.

Ýmsar vörur eru í versluninni og lögð áhersla á gæði og umhverfisvænt og gott hráefni. Fatnaður, klútar, sokkar og fleira frá Farmers market, skinn, húfur og hanskar frá Feldi, serviettur, kort og fleira frá Reykjavík letterpress, auk vöru til heimilins frá House Doctor og fleiri dönskum merkjum, svo eitthvað sé nefnt.

Íslenskir listamenn og hönnuðir eru með vörur sínar, Erna Jónsdóttir leirlistakona er m.a. með postulínsegg og eggjaskálar, Kristján Egilsson frá Vestmannaeyjum með gifsegg og einnig er hægt að fá lunda sem Kristján stoppar upp.

Hönnuðurinn Guðný Björk Pálmadóttir hennar vörur úr umhverfisvænu hráefni undir nafninu Fabia design, stjörnumerkjaplatta, plöntustand og fleira býður hún upp á.

Sandra sjálf hefur alltaf haft gaman af hönnun og að búa til fallega hluti. Eggformið hefur alltaf heillað hana og hefur hún lengi verið að blása úr eggjum og búa til allskyns skrautegg úr þeim.

Sjón er sögu ríkari og um að gera að koma í heimsókn í VAX.



Kæru sveitungar

Ég vil vekja sérstaka athygli á tveimur messum framundan hjá okkur. Sunnudaginn 21. október kl.

11 verður fjölskylduguðsþjónusta í Stóra-Núpskirkju. Að venju verður líf og fjör, biblíusaga og mikill söngur. Um kvöldið sama dag, kl. 20:30, verður síðan kvöldmessa með léttu tónlist í Hrepphóla kirkju. Þar mun kirkjukórinn flytja falleg dægurlög undir stjórn Stefáns Þorleifssonar organista. Í kvöldmessunum er hefðbundið messuform aðeins brotið upp og áhersla lögð á notalega umgjörð.

Af kirkjulegum málefnum úr héraði ber hæst að boðað hefur verið til auka héraðsfundar 30. október nk. til að ræða tillögur sem lúta að verulegri breytingu á prestakallaskipan í sýslunni og raunar á landinu öllu. Samkvæmt tillögnum er gert ráð fyrir að allur neðri hluti Árnessýslu (Árborg, Flóinn, Ölfus, Hveragerði) sameinist í eitt prestakall þar sem munu starfa saman einn sóknarprestur og fjórir prestar. Þá er gert ráð fyrir að Hrunaprestakall og Skálholtsprestakall sameinist í eitt prestakall með tveimur prestum, sóknarpresti og presti. Búast má við líflegum umræðum um tillögurnar en þær verða lagðar fyrir Kirkjuþing sem kemur saman í byrjun nóvember.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

www.hruni.is
facebook.com/hrunaprestakall

Tapað—fundið

Spunkuný lopapeysa,
ljósgrá með
hvítu hundamynstri,
týndist í Reykjaréttum
þann 15. sept. s.l.

Eigandinn er 11 ára drengur
sem saknar hennar sárt.

Sá sem veit um afdrif hennar
góðfúslega látið vita í síma
486-5556.



Finnst þér gaman að dansa?

Á Selfossi hefur verið starfræktur félagskapurinn "Dönsum á Selfossi" í um 6 ár. Við dansunnendur hittumst á hverjum þriðjudegi frá kl. 19.30 í Hlíðskjálfi, félagsheimili hestamanna. Dansarnir eru mjög fjölbreyttir, gömlu dansarnir, samkvæmisdansar, línudansar og margt fleira sem okkur dettur í hug. Áhugi á dansi er mikilvægari en að kunna mörg spor, en það er boðið uppá kennslu fyrsta hálf tíma áður en ballið byrjar. Ekki er nauðsynlegt að koma með dansfélaga, bara mæta! Þetta er frábær hópur.

Auk dansleikja á þriðjudögum erum við með línudans á mánudagskvöldum kl. 19.45 á sama stað. Byrjendakennsla er frá kl. 19.00 - 19.45.

Aðgangseyri eru 500 kr. kvöldið, eitt skipti er frítt, hvort sem það er á balli eða línudansi. Fleiri upplýsingar veita Þórný í síma 8661260 eða Sigrún í síma 8575735 eða kíktu á Facebook "Dönsum á Selfossi".

Menningarferð

Búnaðarfélag Gnúpverja

Búnaðarfélag Gnúpverja í samstarfi við Fjárræktarfélag Gnúpverja hyggur á menningarferð norður í Skagafjörð helgina 16.–18. nóvember. Fyrirhugað er að fara með vönduðum hópferðabíl og gista tvær nætur á Hótel Varmahlíð. Áhugaverðir staðir, menn og fyrirtæki í Skagafirði verða skoðuð í fylgd með staðkunnugum.

Áhugasömum félagsmönnum er bent á fésbókarsíðu Búnaðarfélags Gnúpverja þar sem upplýsingar verða birtar jafnóðum og þær verða til. Óskað er eftir því að áhugasamir skrái vilja sinn til þátttöku á fésbókarsíðunni eða með símtali til formanns Búnaðarfélagsins (Arnór 8917389) sem allra fyrst og í síðasta lagi þann 24. október.




Íþróttavika Skeiða- og Gnúpverjahrepps í samvinnu við ÍSÍ

Stefnt er að því að halda íþróttaviku í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 21.–28. október. Er það liður í íþróttaviku ÍSÍ sem stóð fyrir íþróttaviku í lok september, eins og kunnugt er.

Þar sem hér í sveit snýst að miklu leyti, allt um sauðkindina í lok september og byrjun október, ákvað menningar- og æskulýðsnefnd að hafa íþróttavikuna mánuði síðar.

Nefndin er þessa dagana að undirbúa íþróttavikuna og eru ýmsir aðilar kallaðir til samstarfs. Margar hugmyndir eru á lofti og vonandi að sveitungar á öllum aldri taki þátt en stefnt er að hreyfingu við allra hæfi s.s. skipulögðum gönguferðum, dansi, sundkvöldi með ýmsum hreyfileikjum, hreyfingí og leikjalegi, svo fátt eitt sé nefnt.

Íþróttavikan mun verða nánar auglýst í dreifibréfi og á heimasíðu sveitarfélagsins. Fylgist með á heimasíðu sveitarfélagsins.



Með hreyfikleikjum,
menningar- og æskulýðsnefnd.



Fosshótel Hekla ★ ★

slær upp glæsilegu jólahlaðborði
24. nóvember | 1. og 8. desember

Gisting,
morgunverður
og jólahlaðborð
verð á mann aðeins
14.950 kr.*

• Gildir fyrir tvo í standard herbergi
• Aukanótt 6.000 kr. á mann

*Verð í eins manns herbergi
18.900 kr.

Matseðill

Forréttir

Graflax, reyktur lax, úrval af síld,
hangikjöt, sjávarréttapate, sveitapate,
nýbakað snittubrauð, rúgbrauð, laufabrauð o.fl.

Aðalréttir

Lambasteik, önd og purusteik.

Eftirréttir

Eplabaka með ís, ris a la mande,
frönsk súkkulaði kaka, piparkökur,
creme brulee með döðlum

Pantanir í síma 486 5540 og á hekla@fosshotel.is

Hópar í árshátíðarferðir, á fundi og hópeflisferðir eru velkomnir allan ársins hring.

FOSSHOTEL
HEKLA

Haust í Þjórsárdal 2018



Á Íslandi eru mörg fögur fjöll. Flest eiga þau sögur að geyma af ýmsum toga spunnar. Hekla er án efa sögufrægasta fjall Íslands. Til hennar má rekja eldgos og hamfarir, landeyðingu og hörmungar, en þó hefur hún verið mæð fyrir feegurð og tign.

Þegar Jónas Hallgrímsson flytur franska náttúrufræðingnum Páli Gaimard Kveðju Íslendinga hefur hann kvæðið "Þú stóðst á tindri Heklu hámm". Þaðan blasti við feegurð lands-

ins og þar á heima óður til sögu, vísinda og mennta. Myndlistarmenn hafa lengi fest á blað og dúk mynd af Heklu og eru margar þeirra mynda meðal okkar bestu listaverka. Hekla er kær þeim sem búa í næsta nágrenni fjallsins. Mynd hennar sem sífellt er að breytast eftir árstíðum og veðurfari greipist í hugann og dvelur þar þótt atvikin banni langan fund.

*Kveðja,
Bragi Hannesson, Lækjarbrekku.*

Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann á Jón Hreggviðsson að hafa sagt

Mér datt það í hug í morgun þegar ég frétti að til stæði að vera með Nató heræfingu í Þjórsárdal. Ég varð kjaftstopp. Hvað er eiginlega í gangi? Það er verið að stráðrepa fólk út um allan heim, þar á meðal ung börn. Á sama tíma leyfum við heræfingar við túnfötinn hjá okkur. Er ekki allt í lagi? Tvisvar sinnum 400 hermenn bara í tvo daga. Það er nú varla svo alvarlegt. Þeir drepa engan. Að hluta tilbúin svör þeirra sem hafa völd til að leyfa þetta. En þar stendur hnífurinn í kúnni. Heræfingar eru engir



skátafundir eða sunnudagaskóli. Öðru nær. Þar eru menn sem eru þjálfar sig í meðferð drápstóla.

Hvort sem þessar æfingar eru bara sakleysislegar æfingar til að bjarga fólki úr flóði eða þessháttar eða að æfa sig í að fara í stríð þá eiga þær ekkert erindi hér.

Í Þjórsárskóla komum við saman á mánudaginn, á hugleiðsludegi unga fólksins, og stóðum kyrr í þrjár mínútur til að vekja athygli á friði. Það var á landsvísu og kjörorðið var VERUM FRIÐUR. Það var í tilefni afmælis friðarsinnans John Lennon. Þá er Friðarsúlan einnig tendruð.

Látum heyra í okkur. Öðru eins hefur verið mótmælt.

*VERUM FRIÐUR
Góðar stundir,
Kjartan Ágústsson*



AFMÆLI!

Föstudaginn 26. október ætla bræðurnir Ingvar og Arnór Hans að fagna fertugsafmælum sínum. Það verður gert með pompi og prakt í skemmumni í Þrándarholti. Fagnaðurinn hefst kl. 20 og er húsið opið fyrir alla sem vilja fagna með þeim. Boðið verður upp á fljótandi veitingar ásamt léttum réttum.

Verið velkomin!

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skaftaholti alla daga (Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í almennt sorp. Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Raftæki. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar.

Umsjónarmaður: Jón F. Sigurðsson GSM: 893-7016

NESLAUG

Sími: 486-6117



Miðvikudaga 17-22
Laugardaga: 13-18



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 18-22

Vörur tengdar sundi eru seldar í afgreiðslum lauganna.
Hætt er að selja ofan í hálf tíma fyrir lokun.
Aðeins 12 mínútna akstur á milli lauga!

Umsjónarmaður:

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com



Opinn fundur



Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Umhverfisstofnun
boða til opins fundar um friðlýsingar.

Lögð verður áhersla á fyrirhugaða friðlýsingu Gjáinnar.

Hildur Vésteinsdóttir teymisstjóri friðlýsinga hjá Umhverfisstofnun hefur framsögu.

- Hvað þýðir friðlýsing – hverjir eru kostir og gallar.
- Hvernig er ferlið og hvað felur það í sér?

Hverjir eru friðlýsingarflokkarnir – með áherslu á landslagsverndarsvæði og náttúruvætti.
Dæmi um náttúruvætti.
Reglur sem þar hafa verið settar.

- Mörk svæði sem friðlýst verður.

Eingöngu Gjáin?
Stærra svæði. Fossárdalur- Háifoss?

Gjáin – hvað hefur þegar verið gert og hvað um framhaldið ?

Fundurinn verður haldinn í Árnasi fimmtudaginn 25. október kl. 20:00

Lof mér að falla

Þriðjudaginn 25. september fóru 9. og 10. bekkur Flúðaskóla á myndina „Lof mér að falla“ í Bióhúsið á Selfossi. Hugmyndin að ferðinni kviknaði í framhaldi að þeirri miklu umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu um þessi málefni. Frá því í byrjun skólaárs höfum við verið með markvissa forvarnafræðslu í unglingadeildinni og fannst því upplagt að nýta þessa magnþrungnu mynd til að fá raunsæja mynd á þennan hræðilega heim sem alltof mörg ungmenni sogast inn í. Við viljum sérstaklega þakka Marinó Geir Lilliendahl fyrir frábærar móttökur. Hann gerði sér lítið fyrir og hélt sýningu fyrir okkur klukkan 9:40 að morgni, sem er ekki sjálfgefið. Eins viljum við þakka foreldrafélagi Flúðaskóla fyrir rausnalegan styrk sem gerði þessa ferð mögulega.

*Umsjónakennarar
9. og 10. bekkja Flúðaskóla,
Bára og Halla Sigga*

Nýbakað handa þér



Samkaup strax

www.samkaup.is | Gildir aðeins í Samkaup strax Flúðum

Tilboðin gilda meðan birgðir endast | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl

OPNUNRTÍMAR STRAX FLÚÐUM

Virkir dagar	Laugardagar	Sunnudagar
09:00 - 19:00	10:00 - 19:00	11:00 - 18:00



**Getraunanúmer
Ungmennafélags Gnúpverja**
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

802



**Getraunanúmer
Ungmennafélags Skeiðamanna**
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar!

799